

Rangárþing eystra
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 15. nóvember 2019
UST201910-128/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Steinmóðabær 4 – Rangárþing eystra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Steinmóðabæ 4 í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til um 12.600 m² svæðis þar sem heimilt er að byggja 200 m² íbúðarhús, allt að 200 m² skemmu og tvö gestahús, hvort um sig allt að 45 m².

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Tjarnir og tjarnarnes og er númer 719 sem aðrar náttúruminjar. Svæðið er á náttúruminjaskrá vegna gróðurfars, dýralífs og fuglavarps.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hver áhrif tillögunnar er á verndargildi svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Hægt er að sjá afmörkun svæðisins í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands <https://naturuminjaskra.ni.is/> og á bls. 82 í greinargerð aðalskipulags Rangárþings eystra 2012- 2024.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur